



Fundargerð hreppsnefndar 08. maí 2014

Hreppsnefndarfundur haldinn fimmtudaginn 8. maí 2014 kl. 16.00 í félagsheimilinu Miklagarði.

Mætt á fundinn voru Bárður Jónasson, Björn Hreinsson, Eyjólfur Sigurðsson, Sigríður E. Konráðsdóttir, Fjóla Valsdóttir, Guðrún Anna Guðnadóttir og Hafþór Róbertsson.

Jafnframt var mættur sveitarstjóri, Þorsteinn Steinsson, sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. mál. Fundargerð hreppsnefndar frá 3. apríl sl.

Lögð fram fundargerð hreppsnefndar frá 3. apríl sl.

Fundargerðin síðan samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

2. mál. Fundargerð byggingar -og skipulagsnefndar frá 10. apríl sl.

Lögð fram fundargerð byggingar – og skipulagsnefndar frá 10. apríl sl.

Fundargerðin síðan samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

3. mál. Bréf Innanríkisráðuneytisins frá 10. apríl sl., varðandi samþykktir um stjórn Vopnafjarðarhrepps, ásamt samþykktum.

Lagt fram bréf Innanríkisráðuneytisins frá 10. apríl, þar sem tilkynnt er að ráðuneytið hefur staðfest og sent til birtingar nýjar samþykktir um stjórn Vopnafjarðarhrepps. Fundarmenn voru ánægðir með fyrirliggjandi staðfestar samþykktir, sem sendar höfðu verið út með fundarboði.

4. mál. Bréf Innanríkisráðuneytisins dags. 9. apríl sl., varðandi lögreglusamþykkt.

Lagt fram bréf Innanríkisráðuneytisins frá 9. apríl sl., varðandi nokkrar athugasemdir sem ráðuneytið gerir við lögreglusamþykkt sem Vopnafjarðarhreppur sendi inn til staðfestingar í ráðuneytið 20. september sl.

Farið var yfir ábendingarnar sem flestar eru smávægilegar og var síðan sveitarstjóra falið að svara þeim og senda samþykktina með breytingum aftur inn til samþykktar.

Málsmeðferð þessi var samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

5. mál Urðunarsvæðið á Búðaröxl. Álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum. Ásamt bréfi þar sem óskað er eftir veitingu starfsleyfis í framhaldi af úrskurðinum miðað við tiltekin atriði.

Lagt fram álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum urðunarsvæðis á Búðaröxl, Vopnafirði dags. 16. apríl sl. Þar kemur fram að í samræmi við 11. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og 24. gr. reglugerðar nr. 1123/2005 um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir matsskýrslu Vopnafjarðarhrepps, sem lögð var fram skv. 10. gr. sömu laga. Matsskýrsla Vopnafjarðarhrepps byggir á auglýstri frummatsskýrslu og umsögnum, sem bárust á kynningartíma frummatsskýrslu og afstöðu framkvæmdaraðila til þeirra.

Skipulagsstofnun telur að matsskýrsla Vopnafjarðarhrepps uppfylli skilyrði laga og reglugerða um mat á umhverfisáhrifum hvað varðar þau atriði, sem getið er um í 18. gr. reglugerðar nr. 1123/2005. Einnig telur stofnunin að í matsskýrslu sé gerð grein fyrir aathugasemdum og umsögnum, sem bárust á kynningartíma frummatsskýrslu og þeim sé svarað á fullnægjandi hátt.

Stofnunin bendir einnig á nokkur atriði sem geta dregið úr áhrifum á umhverfið, varðandi þá þætti sem taldir eru upp sem mestu áhættuvaldar í framkvæmdinni og nýtingu staðarins sem urðunarstaðar.

Ennfremur lagt fram bréf Vopnafjarðarhrepps dags. 23. apríl sl., þar sem óskað er eftir veitingu starfsleyfis á grundvelli þess að skipulags- og umhverfisferli, vegna svæðisins er að fullu lokið, en starfsleyfisumsókn var send Umhverfisstofnun haustið 2012.

Í bréfinu er óskað eftir að starfsleyfið verði veitt á grundvelli þess að Vopnafjörður er afskekkt byggð í skilningi laga nr. 55/2003.

Hreppsnefnd fagnar niðurstöðu í álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum urðunarsvæðis við Búðaröxl á Vopnafirði og ennfremur vinnu, sem í gangi er varðandi nýtt starfsleyfi.

Sveitarstjóra falið að vinna áfram að því að fullgilt starfsleyfi fái til framtíðar á urðunarstaðnum á grundvelli fyrirbyggjandi umsóknar og rökstuðnings, sem fylgir umsókninni.

Málsmeðferð þessi samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

6. mál. Svar Velferðarráðuneytisins varðandi framlög til jafnlaunaátaks að Sundabúð legudeild dags. 10. apríl sl. Jafnframt bréf Vopnafjarðarhrepps sem vísað er í og rituð hafa verið á árinu til ráðuneytisins.

Lagt fram bréf Velferðarráðuneytisins dags. 10. apríl sl., sem er svar við erindum Vopnafjarðarhrepps, varðandi framlag til jafnlaunaátaks frá 8. jan., 7. mars. og 4. apríl sl.

Í bréfinu er alfarið neitað þátttöku í greiðslu kostnaðar við svokallað jafnlaunaátak, sem ákveðið var að ráðast í á grundvelli yfirlýsingar Ríkisstjórnar Íslands í janúar 2013.

Ákvörðun Ríkisstjórnarinnar um jafnlaunaátakið er því samþykkt fyrir þann tíma sem yfirtaka Vopnafjarðarhrepps á rekstri Sundabúðar af ríkinu er gengin í gegn. Alls er því óskiljanlegt að ríkisvaldið hlaupist undan merkjum hvað þetta varðar, þrátt fyrir loforð um það að starfsfólk Sundabúðar héldi sömu kjörum og starfsmenn HSA, þar til nýir samningar lægju fyrir.

Á grundvelli þessara fyrirheita hefur verið mikill þrýstingur af hálfu hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða að lausn fái í þessu mál. Því var kallað eftir efndum á vilyrðum Ríkisstjórnarinnar til samræmis við umgetna yfirlýsingu. Slíkt er nauðsynlegt til þess að unnt verði að ljúka samningum um þessi mál við viðkomandi stéttir eins og gefin voru vilyrði fyrir þegar yfirtakan fór fram.

Það er óásættanleg staða að skilja sveitarfélagið eftir í lausu lofti hvað þessi mál varðar ekki síst fyrir þær sakir að sveitarfélagið tók við rekstrinum af ríkinu sökum þess að HSA hafði rekið stofnunina með viðvarandi halla um nokkurra ára skeið.

Í þeirri stöðu sem upp er komin varðandi efndir ríkisins í þessu máli telur hreppsnefnd ómögulegt að komast hjá því að ráðast í samninga um jafnlaunaátak eins og starfsfólkinu var gefið vilyrði fyrir bæði með yfirlýsingu Ríkisstjórnarinnar og af forsvarsmönnum HSA og þar með ríkisvaldinu, þegar unnið var að frágangi á yfirtöku stofnunarinnar frá ríki til sveitarfélags.

Hreppsnefnd felur sveitarstjóra og oddvita að ganga til samninga við umræddar stéttir um jafnlaunaátak á grundvelli gefinna loforða. Vinna þessi verði gerð í samráði við viðkomandi stéttarfélag. Reynt verði sem kostur er að flýta þessari vinnu.

Ennfremur er sveitarstjóra og oddvita falið að vinna að því áfram að aukafjárveiting fái á fjárlögum til þess að brúa þann kostnað sem sveitarfélagið er knúið til að taka á sig vegna gefinna loforða Ríkisstjórnarinnar í þessum efnum.

Málsmeðferð þessi var samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

7. mál Bréf Handverkshóps Vopnafjarðar móttakið 28. apríl sl., þar sem óskað er eftir aðstöðu fyrir starfsemi hópsins yfir sumarmánuðina í Kaupvangi.

Lagt fram bréf Handverkshóps móttakið 28. apríl sl., þar sem hópurinn óskar eftir að fá heimild til þess að nýta sér aðstöðu í Kaupvangi fyrir starfsemi sína í sumar með sama sniði og heimilað var á síðasta sumri þ.e. frá 1. júní – 1. sept. 2014.

Hreppsnefnd samþykkir fyrir sitt leyti að heimila handverkshópnum að nýta umbeðna aðstöðu til starfseminnar. Heimildin er þó skilyrt því að fullt samkomulag náist við Austurbú um þessa

nýtingu húsnæðisins.

Samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

8. mál. Sundlaug í Selárdal. Bréf Umhverfis- og Auðlindaráðuneytisins frá 23. apríl sl., ásamt svarbréfi Vopnafjarðarhrepps frá 28. apríl sl. Auk bréfs Heilbrigðiseftirlits frá 25. apríl sl.

Lagt fram bréf Umhverfis- og Auðlindaráðuneytisins frá 23. apríl sl., sem er svar við bréfi Vopnafjarðarhrepps frá 17. des. sl., þar sem óskað var undanþágu vegna starfsleyfis sundlaugarinnar í Selárdal meðan unnið væri að veigamiklum framkvæmdum í sundlauginni.

Í bréfi ráðuneytisins er beiðni Vopnafjarðarhrepps hafnað á grundvelli umsagnar heilbrigðiseftirlits Austurlands varðandi undanþáguna. Ráðuneytið gaf sveitarfélaginu færi á því að koma að athugasemdum varðandi málið og var óskað eftir að þær bærust ráðuneytinu eigi síðar en 7. maí 2014.

Með bréfi Vopnafjarðarhrepps frá 28. apríl sl., sendir sveitarfélagið inn athugasemdir sínar varðandi starfsleyfi sundlaugarinnar. Í bréfinu er gerð grein fyrir umfangsmiklum breytingum, sem unnið hefur verið að við sundlaugina sem breyta gæðum vatnsins úr því að vera óhæft til starfseminnar í það að standast allar kröfur samkvæmt reglugerðum varðandi gerlafjölda og sýrustig.

Á grundvelli þeirra miklu endurbóta, sem framkvæmdar hafa verið og sérstöðu sundlaugarinnar í Selárdal er óskað eftir leyfi til reksturs hennar miðað við að starfsmaður sé til staðar yfir sumarmánuðina, þegar aðgangseyrir er í Sundlaugina. Annan tíma þegar enginn aðgangseyrir er í sundlaugina verði heimilt að leyfa sundgestum að nýta sér sundlaugina á eigin ábyrgð, enda sjái forsvarsmenn áhaldahússins um það að viðhalda hreinlæti laugar og gæðum vatnsins eins og vera ber.

Lagt er til að þetta verði heimilað til reynslu í eitt ár og þá skoðað hvort skynsamlegt er að halda áfram á þessari braut eða hvort grípa þarf til frekari aðgerða.

Ósk þessi er gerð á forsendum 7. gr. laga nr. 7/1998, þar sem segir:” Þegar sérstaklega stendur á getur ráðherra að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar eða (Umhverfisstofnunar), veitt undanþágu frá einstökum greinum reglugerða, sem settar eru skv. 4. og 5. gr. “

Erindi þetta er til umfjöllunar í ráðuneytinu og er vonast til að afstaða þess geti legið fyrir sem allra fyrst svo unnt verði að fá fullgilt starfsleyfi á sundlaugina. Fáist það ekki þarf að grípa til frekari aðgerða í þessu sambandi.

Fullgilt starfsleyfi er þó í gildi fyrir skólasund.

Jafnframt kynntar hugmyndir að aðgerðum sem grípa þarf til ef leyfi þetta verður ekki gefið. Þær hugmyndir ganga út á þrengingu á nýtingu laugarinnar og kalla á aukið mannahald og tiltekinn opnunartíma.

Í því sambandi voru kynntar hugmyndir að gerð girðingar umhverfis laugina.

Miklar umræður urðu um þessi mál og voru fundarmenn sammála um að þessi staða væri óbærileg og að lausn þyrfti að fást í málin.

Sveitarstjóra og oddvita var síðan falið að vinna áfram að lausn málsins hið snarasta.

Málsmeðferð þessi var samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

9. mál. Útrásir. Bygging dæluhúss í Kolaporti. Teikningar og hugmyndir.

Gerð var grein fyrir hugmyndum að byggingu dælustöðvar fyrir útrásakerfi sveitarfélagsins í Kolaporti. Hugmyndirnar eru unnar af verkfræðistofu Austurlands (Eflu) og ganga út á það að byggt verði í fyrsta áfanga hús sem tekur á móti skolpi, þar verði um að ræða rými fyrir hreinsi og dælusöð. Í næsta áfanga verði síðan ráðist í lagningu lagnar frá dælustöðinni og út á tilskilið dýpi. Þriðji áfanginn yrði síðan síuhús, sem yrði viðbyggt dælustöð og í sama dúr, ásamt tilheyrandi búnaði.

Farið var yfir þessi mál og hvernig best væri að standa að framkvæmdum. Talsverðar umræður urðu um fyrirliggjandi gögn og tillögur, þar sem fundarmenn lýstu sjónarmiðum sínum.

Hreppsnefnd leggur til að sveitastjóri láti vinna aðalteikningar og undirbúi útboð á verkinu.

Málsmeðferð þessi samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

10. mál. Hótel Tangi. Staða mála.

Lagður fram leigusamningur milli Arnarvatns ehf. og Ollasjoppu ehf. um leigu á Hafnarbyggð 17, (Hótel Tanga).

Oddviti gerði grein fyrir samningnum og fór almennt yfir stöðu mála varðandi það að koma hótelinu aftur í rekstur.

Greint var frá framkvæmdum og viðhaldi, sem þegar hefur verið ráðist í og heimilað.

Jafnframt var greint frá því eins og fram kemur í leigusamningi að nauðsynlegt er að mála húsið að utan og er talið heppilegast að það verði gert sem fyrst.

Í því sambandi var lagt til að heimila stjórn Arnarvatns að leita samninga um málun hússins.

Málsmeðferð þessi samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

11. mál. Aðalfundur Austurbrúar ses. 9. maí nk.

Ársfundurfundur Austurbrúar ses. verður haldinn 9. maí nk. skv. framlagðri dagskrá. Fulltrúi eða fulltrúar Vopnafjarðarhrepps munu mæta á fundinn.

12. mál Bréf Vegagerðarinnar dags. 15. apríl sl., varðandi breytingar á þjónustumiðstöðinni á Vopnafirði.

Lagt fram bréf vegagerðarinnar frá 15. apríl sl., þar sem tilkynnt er að ákveðið hefur verið að þjónustumiðstöðin á Vopnafirði verði ekki áfram sjálfstæð rekstrareining, heldur sett undir þjónustustöðina í Fellabæ. Í þessu sambandi er gert ráð fyrir störfum verði fækkað úr 2 í 1,5 starf.

Fram kemur að haft hafi verið samband við starfsmennina um þessar breytingar.

Hreppsnefnd Vopnafjarðarhepps mótmælir því harðlega að þjónustumiðstöðin á Vopnafirði missi sjálfstæði sitt og verði sett undir miðstöðina í Fellabæ.

Langt er á milli þessara staða og um langa fjallvegi að fara. Ljóst er því að hér er verið að draga úr þjónustu við vegakerfið á þessu svæði. Illt er við það að una.

Sveitarstjóra falið að koma þessum sjónarmiðum á framfæri og óska leiðréttingar á þessum málum.

Málsmeðferð þessi samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

13. mál. Starf virkniþjálfara í Sundabúð. Erindi hjúkrunarfræðinga Sundabúðar varðandi málið dags. 3. apríl sl.

Erindi dags. 3. apríl sl., frá hjúkrunarfræðingum Sundabúðar lagt fram. Í erindinu er óskað eftir því að leitast verði við að ráða í 50 % starf til þess að sinna tómsunda og dægradvöl fyrir aldraða í Sundabúð.

Hreppsnefnd tekur undir mikilvægi þess að hugsað verði fyrir slíku starfi og felur sérstökum starfshópi hreppsnefndar vegna Sundabúðar að skoða hvernig heppilegast er að mæta þessari þörf og koma með tillögur í þeim efnum.

Málsmeðferð þessi var samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

14. mál. Erindi heilbrigðiseftirlitsins varðandi breytingu á samþykkt um hundahald á starfssvæði eftirlitsins.

Lagt fram erindi Heilbrigðiseftirlits Austurlands varðandi breytingu á samþykkt um hundahald á starfssvæði eftirlitsins. Jafnframt lögð fram drög að samþykktunum.

Heilbrigðiseftirlitið leggur til að þessar breytingar verði samþykktar til þess að styrkja stöðu eftirlitsins varðandi þennan málaflokk.

Hreppsnefnd samþykkir fyrir sitt leyti að heilbrigðiseftirlitið vinni áfram að málinu.

15. Erindi Samorku, samtök orku og veitufyrirtækja, þar sem samtökin bjóða vatns- og fráveitu Vopnafjarðarhepps að gerast aðilar að samtökunum.

Lagt fram erindi Samorku þar sem vatns- og fráveitu Vopnafjarðarhepps er boðið að gerast aðilar að samtökunum. Árgjald í þessu sambandi er um það bil 115.000 kr.

Að svo stöddu er ekki talin ástæða til þess að gerast aðili að samtökunum.

16. Drög að samningi um samstarf vegna fyrirhugaðarar umskipunarhafnar í Finnafirði.

Kynntar voru hugmyndir að samsstarfssamningi milli sveitarfélaganna Vopnafjarðarhrepps og Langanesbyggðar og Eflu ehf. annars vegar og Bremenport hins vegar. Gerð var grein fyrir málinu og þau rædd fram og til baka.

Hreppsnefnd samþykkir að heimila oddvita og sveitarstjóra að ganga frá endanlegu samkomulagi milli þessara aðila og undirrita það.

Samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

17. Framkvæmdir og viðhaldsverkefni á fjárhagsáætlun 2014. Farið verður yfir málin.

Gerð grein fyrir áformuðum framkvæmdum á árinu og rætt hvernig best væri að standa að málum. Fundarmenn lýstu sjónarmiðum sínum í þessu sambandi. Helstu framkvæmdir eru gatnagerð og gangstéttir, búnaðarkaup í skóla, sundlaug, leikskóli frágangur umhverfis og lóðar, meiriháttar viðhald, lagfæringar í Sundabúð, íþróttasvæði, búnaðarkaup í áhaldahúsi, vatnsveita, útrásir o.fl.

18. Skipulagsmál. Samþykkt í framhaldi af fundi um skipulagsmál 5. maí sl., þar sem fjallað var um deiliskipulag á Búðaröxl, utan Fagrahjalla, Lónabrautar, sjávarmegin við Hafnarbyggð og á Merkistúni.

Kynntar deiliskipulagstillögur að deiliskipulagi á nokkrum stöðum í þéttbýli Vopnafjarðar. Skipulagshönnuður hefur einnig kynnt tillögurnar á sérstökum fundi með Hreppsnefnd og skipulagsnefnd á fundi sem haldinn var í Miklagarði 5. maí sl.

Í framhaldi var lögð fram svofelld tillaga:

“Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps í samráði við Skipulagsnefnd samþykkir að láta fullvinna deiliskipulag byggingarsvæða í þéttbýlinu á Vopnafirði í samræmi við framkomnar skipulagslýsingar. Nánar tiltekið Hafnarbyggð/Sjávarbyggð, Lónabraut /Fagrihjalli, Holtið, íþróttasvæði og Merkistún. Samhliða þarf að gera breytingu á aðalskipulagi á Holtinu, í samræmi við framkomnar tillögur sem unnar eru af Teikn ráðgjöf og hönnun”.

Að umræðum loknum var fyrirliggjandi tillaga samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

19. mál. Kaupvangur, kaffihús, upplýsingamiðstöð.

Lögð fram drög að samningi um rekstur kaffihúss og upplýsingamiðstöðvar í Kaupvangi. Fram komu ábendingar um smávægilegar breytingar á fyrirliggjandi drögum að samkomulagi. Hreppsnefnd samþykkir að fela oddvita og sveitarstjóra að ganga frá samningi við rekstraraðila að teknu tilliti til ábendinga sem fram komu á fundinum.

20. mál. Ýmis mál og fundargerðir

a) Fundargerð Samgöngunefndar SSA frá 7. apríl sl.

Lagt fram til kynningar.

b) Erindi foreldrafélags Vopnafjarðarskóla, varðandi umferðaröryggismál á Vopnafirði.

Þakkað er fyrir ábendingar sem fram koma í innsendu bréfi. Mál þessi eru í vinnslu hjá sveitarfélaginu.

c) Bréf Umhverfisstofnunar dags. 14. apríl sl., varðandi áætlun til þriggja ára um refaveiðar.

Lagt fram til kynningar

d) Flugslysaæfing á Vopnafjarðarflugvelli 10. maí nk. samstarfssamningur.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18.45